

# Ákærður fyrir 50 milljóna króna skattsvik

Sigurður Ragnar Kristinsson, eiginmaður Sunnu Elviru Þorkelsdóttur, og tveir aðrir hafa verið ákærðir fyrir skattsvik sem tengjast fyrirtækinu SS verk ehf. Meint skattsvik nema um 100 milljónum króna.

**LÖGREGLUMÁL** Sigurður Ragnar Kristinsson hefur verið ákærður fyrir meiriháttar skattalagabrot í rekstri SS verks ehf. Í málinu eru einnig ákærð þau Unnur Birgisdóttir, tengdamóðir Sigurðar Ragnars, og Armando Luis Rodriguez.

Meint skattsvik þeirra þriggja nema samanlagt tæpum 105 milljónum króna.

Í ákærinni, sem Fréttablaðið hefur undir höndum, kemur fram að brot þeirra þriggja eru talin varða við skattsvikaákvæði almennra hegningarlaga og geta varðað allt að 6 ára fangelsi auk fésektar.

Sigurður hefur setið í gæsluvarðhaldi frá því að hann kom heim til Íslands frá Spáni seint í janúar vegna gruns um stórfelldan fíkniefnainnflutning þaðan til Íslands í svokölluðu Skáksambandsmáli. Sigurði var sleppt úr gæsluvarðhaldi á föstudaginn en hann er enn í farbanni. Ekki hefur verið gefin út ákæra í því máli en rannsókn þess er á lokastigum.

Sunna Elvira Þorkelsdóttir, eiginkona Sigurðar Ragnars, er stórslösuð eftir slysi á Spáni en þarlend yfirvöld settu hana í farbann. Sunna Elvira kom til Íslands fyrr í þessum mánuði.

Í skattsvikamálinu er Sigurður ákærður fyrir að hafa staðið skil á röngum virðisaukaskattsskýrslum á rekstrarárunum 2014 og 2015 með því að hafa oftalið innskatt um

# 105

milljóna króna skattsvik eru sögð hafa átt sér stað í fyrirtækinu SS verk ehf.

tæpar 34 milljónir króna á grundvelli fimm tilhæfulausra sölureikninga og vanframtalið virðisauka SS verks ehf. um tæpar þrjátíu milljónir króna.

Þá er Sigurður einnig ákærður fyrir að hafa ekki staðið skil á rúnum 15 milljónum króna í staðgreiðslu opinberra gjalda sem haldið var eftir af launum starfsmanna SS verks ehf. allt árið 2015 og fyrstu mánuði ársins 2016.

Tengdamóðir Sigurðar, Unnur Birgisdóttir, sem stýrði daglegum rekstri félagsins frá því í mars fram í ágúst á árinu 2016, og Armando Luis Rodriguez, sem tók við rekstrinum af Unni og stýrði félaginu þar til það fór í þrot síðla sama árs, eru einnig ákærð. Þau eru ákærð fyrir að hafa hvorki staðið skil á virðisaukaskatti sem innheimtur var í rekstri félagsins né staðgreiðslu opinberra gjalda sem haldið var eftir af launum starfsmanna félagsins þann tíma sem þau stýrðu því. — aa

## Flóttá Sindra Þórs lauk í miðborg Amsterdam

**LÖGREGLUMÁL** Sindri Þór Stefánsson sem strauk af Sogni í síðustu viku var handtekinn í Amsterdam í Hollandi í gær. Ólafur Helgi Kjartansson, lögreglustjóri á Suðurnesjum, staðfestir handtökuna í samtali við Fréttablaðið en vildi ekki veita frekari upplýsingar að svo stöddu. Visir greindi fyrst frá og hafði eftir Rob van der Veen, talsmanni lögreglunnar í Amsterdam, að Sindri Þór yrði sendur til saksóknaraembættisins í Amsterdam og að samband yrði haft við yfirvöld á Íslandi í kjölfarið.

Sindri flúði fangelsið að Sogni fyrr í síðustu viku og tókst að yfirgefa land á fölsuðum skilríkjum, en fór hans var heitið á Arlanda-flugvöll í Stokkhólmi. Ekki var vitað hvert hann fór í framhaldinu fyrr en nú. Í yfirlýsingu sem hann sendi



Fréttablaðinu á föstudag sagðist hann sjá eftir ýmsu og að hans væri að vænta til Íslands fljótlega.

Hann gagnrýndi yfirvöld fyrir hvernig staðið hefði verið að málum hans, en daginn sem hann flúði fangelsið hafði gæsluvarðhaldsúrskurður yfir honum runnið út. Var hann daginn áður leiddur fyrir dómara sem ákvað að taka sér sólarhrings umhugsunarfrest í málinu. Jón Steinar Gunnlaugsson, fyrrverandi hæstaréttardómari, sagði í samtali við Fréttablaðið að lögum samkvæmt hefði hann verið frjálst ferða sinna.

Sindri hafði setið í gæsluvarðhaldi síðan í byrjun febrúar um grunadur um aðild að þjófnaði á um 600 tölum úr þremur gagna-verum á Reykjanesi. Andvirði þýfisins er metið á um 200 milljónir króna.

— dff



Liðsmenn Ferðafélags Íslands voru í óðaönn að plokka rusl í Norðlingaholtinu í gær. Plokkarar viðsvegar um land héldu út í vorbliðuna í gær til að plokka rusl á alþjóðlegum degi jarðar. Sjá síðu 2 FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

### Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Guðmundur Steingrímsson skrifar um það þegar hin hlið málanna breytir óvænt öllu. **16**

**SPORT** Arsène Wenger og arfleifð hans gerð upp. **18**

**LÍFIÐ** Hornið sem Kjartan Ólafsson, lektor leikur á var áður í höndunum á John H. Burden sem blés í hornið fyrir margar frægustu kvikmyndir allra tíma. **22**

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK  
• FASTEIGNIR

\*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

## Betolvex B-12



Fæst án lyfseðils

Actavis


## NUTRILENK

öflugur liðstyrkur





## Veður



Norðaustanátt á landinu í dag, við 8-13 m/s. Dáltil rigning eða slydda um landið norðaustanvert, en stýttir upp þegar liður á daginn. Bjartviðri sunnan og vestan til, en þykkjar heldur upp með skúrum sunnanlands síðdegis. Heldur hægari vindur um kvöldið. **SJÁ SÍÐU 16**



Mikill viðbúnaður var við Óðinsgötu í fyrirkvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓLÖF

## Sagði eigendur bera ábyrgð

**LÖGREGLUMÁL** Magnús Þór Þorbergsson, íbúi við Óðinsgötu í Reykjavík, sagði í samtali við Fréttablaðið.is í gær að eigendur hússins þar sem eldur kviknaði í fyrirkvöld bæru ábyrgð á brunanum. Farið hefði verið fram á að þeir lokuðu húsinu.

Á tíunda tímanum á laugardagskvöld kviknaði eldur í kjallara Óðinsgötu 14. Allt tiltækt slökkvilið var ræst út en greiðlega gekk að ráða niðurlögum eldsins.

Húsið hefur verið mannaust að undanförunu en greint hefur verið frá því að fólk hafi notað það sem íverustað nýverið.

Magnús Þór sagðist hafa haft samband við lögregluna í mars þegar honum varð ljóst hvernig í pottinn var búið. Þá hafði húsið staðið autt í tvo mánuði. Hann segir að lögreglan hafi tjáð honum að samband yrði haft við eigendur hússins, sem hann veit ekki hverjir eru.

Engin svör fengust frá lögreglu um málið í gær en á laugardagskvöld var einn handtekinn í aðgerðum lögreglu á Óðinsgötu. Sjónarvottar sögðu manninn hafa verið leiddan í járnum inn í lögreglubíl þar sem hann hrópaði ókvæðisord að viðstöddum. Ekki liggur fyrir hvort handtakan tengist eldsupptökum. –bg, dfb

## Í sól og sumaryl



Sólin lék svo sannarlega við borgarbúa í gær, sem og reyndar Íslendinga viðs vegar um landið. Þetta fólk nýtti góða veðrið í að leggjast í grasið á Klambratúni. Ekki liggur fyrir hvert lesefnið var. Ef til vill var það helgarblað Fréttablaðsins. Kannski var verið að skipuleggja sumarfríð, nú eða bara lesa einhverja góða skáldsögu. Von er á sólskini fram til klukkan 15 í dag en svo skjýjuðu og rigningu næstu daga. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Kópavogur setur upp eftirlitsvélur

**KÓPAVOGUR** Til stendur að setja upp eftirlitsmyndavélar á Fifuhvamsvegi og við Skógarlind í Kópavogi á næstu vikum. Þetta kemur fram í tilkynningu sem bærinn sendi frá sér í gær.

Tryggt verður að eingöngu lögregla hafi aðgang að myndefninu en skrifað hefur verið undir samning við Neyðarlínuna og lögregluna á höfuðborgarsvæðinu um myndavélar.

Myndavélar greina númeraplötur allra bíla sem koma inn í Kópavog austan við Reykjanesbraut. Uppsetning þeirra var á meðal þess sem íbúar völdu í kosningum í verkefni Okkar Kópavogur í janúar og febrúar síðastliðnum.

Til stendur að setja upp fleiri myndavélar í sumar og haust, að því er kemur fram í tilkynningunni. Verður tilkynnt um staðsetningar þeirra véla síðar. –þea

# Plokkarar fylltu poka á alþjóðlegum degi jarðar

Plokkarar um allt land héldu út í vorbliðunni í gær og tíndu rusl. Markmiðið var að hreinsa fjögur þúsund kílómetra. Svo virðist sem enginn skortur sé á rusli.

**UMHVERFISMÁL** Plokkarar landsins létu ekki sitt eftir liggja á alþjóðlegum degi jarðar í gær og hópuðust út í vorbliðunni og plokkuðu rusl. Síðustu vikur hafa plokkarar tínt fleiri tonn af plasti og sorpi og komið í endurvinnslu. Í gær var markmiðið að hver og einn plokkari tíndi rusl á eins kílómetra löngum kafla og skila þannig fjögur þúsund hreinum kílómetrum.

Steinar Kaldal, formaður Félags umhverfisfræðinga, segir þann mikla áhuga sem fólk virðist hafa á að taka höndum saman nú og tína rusl bera vitni um þær breytingar sem átt hafi sér stað í umhverfissvitund almennings á síðustu árum.

„Hjólreiðar, notkun almennings-samgangna, flokkun rusls og nú þetta nýjasta, plokkið, allt saman er þetta jákvæð þróun. Umhverfissvitund og umhverfissvitund eru ekki lengur tabú,“ segir Steinar. „Ef maður hefði séð einhvern úti að hlaupa fyrir fimm árum með poka að tína rusl þá hefði maður örugglega haldið að sá sinn sami væri eitthvað klikkaður.“

Þá bendir Steinar á að nauðsynlegt sé að ráðast að rót vandans sem eru auðvitað þeir sem henda rusli í staðinn fyrir að fara með það í endurvinnslu. „Því að það verður ánægjulegt að geta farið út og ekki bara tekið, heldur einnig gefið. Það er spurning hvað gerist næst, hvort fólk fari með birkiplöntu út að hlaupa og gróðursetji á meðan það hleypur.“

Plokkið á rætur að rekja til Svíþjóðar en ljóst er að Íslendingar hafa tekið upp þennan heilsusamlega og umhverfissvæna síð og það með opnum örmum enda eru vel



Það var mikið tínt af rusli í Norðlingaholti í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ég vil að Íslendingar verði bara í því að þrifa í allt sumar.

Tómas Knútsson, stofnandi Bláa hersins

yfir fjögur þúsund manns í hópi plokkara á Facebook.

Tómas Knútsson, stofnandi umhverfissamstakanna Bláa hersins, hefur undanfarna áratugi staðið að skipulagningu og framkvæmd um hundrad hreinsunarverkefna um allt land. Hann fagnar framtakssemi og elju plokkaranna en bendir um leið á að nauðsynlegt sé að efla endurvinnslu á Íslandi og þá hvata sem eigi að fá fólk til að endurvinnna.

Tómas bendir jafnframt á að þann 15. september verður hnatt-rænt hreinsunaráttak á vegum sam-takanna Let's do it World.

„Ég vil að Íslendingar verði bara í því að þrifa í allt sumar,“ segir Tómas. [kjartanh@frettabladid.is](mailto:kjartanh@frettabladid.is)

GLEÐILEG GRILLSUMAR!

OPÍÐ Í DAG  
12:00 TIL 18:00  
GLEÐILEGT  
SUMAR!

SENDUM UM  
LAND ALLT  
ELKO.IS

ELKO






TOYOTA

ALWAYS A  
BETTER WAY

# ALLTAF Á BREMSUNNI?


Þá er nú mikilvægt að láta kanna hvernig þær standa sig. Mættu með þína Toyotu í bremsutékk í boði viðurkenndra þjónustuaðila 16.–30. apríl.



Ef það þarf að laga eitthvað er að sjálfsgöðu sértílbóð á **bremsuviðgerðum, bremsuklossum, bremsuborðum og bremsudiskum** á sama tíma. Kynntu þér málið eða komdu bara við.

## Engin vandamál – bara lausnir

1	Toyota Kauptúni	Kauptúni 6	Garðabæ	570-5070
2	Toyota Akureyri	Baldursnesi 1	Akureyri	460-4300
3	Toyota Selfossi	Fossnesi 14	Selfossi	480-8000
4	Toyota Reykjanesbæ	Njarðarbraut 19	Reykjanesbæ	420-6610
5	Arctic Trucks	Kletthálsi 3	Reykjavík	540-4900
6	Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur	Bæjarflöt 13	Reykjavík	440-8000
7	Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur	Skemmuvegi 16	Kópavogi	440-8000
8	Nethamar	Garðavegi 15	Vestmannaeyjum	481-1216
9	Bílatangi	Suðurgötu 9	Ísafirði	456-4580
10	Bifreiðaverkstæði KS	Hesteyri 2	Sauðárkróki	455-4570
11	Bílaleiga Húsavíkur	Garðarsbraut 66	Húsavík	464-1888
12	Bílaverkstæði Austurlands	Miðási 2	Egilsstöðum	470-5070
13	Bílageirinn	Grófinni 14a	Reykjanesbæ	421-6901



Pantaðu tíma í dag.  
Það er einfalt og fljótlegt.



# Spyr hvaða reglur gildi um umræður stofnana á samfélagsmiðlum

**STJÓRNSÝSLA** Helgi Hrafn Gunnarsson, þingmaður Pírata, vill fá að vita hvaða reglur gilda um notkun og þátttöku ríkisstofnana í umræðum á samfélagsmiðlum. Þetta er meðal þess sem felst í fyrirspurn hans til forsætisráðherra.

Fyrirspurninni hefur enn ekki verið dreift á Alþingi en Helgi greinir frá henni í þræði á Pírata-spjallinu á Facebook.

Þráðurinn varðar fyrirspurn lyfjafræðingsins Daða Freys Ing-

ólfsónar, sem skipaði 12. sæti á lista Pírata í Reykjavík norður síðasta haust, um það hvaða rétt ríkisstofnun hefur til að ákveða hverjir megi kommentera á Facebook-síðu þeirra.

„Nú hef ég nýlega verið blokkaður af Facebook-síðu Lyfjastofnunar fyrir að vera ósammála nokkrum ákvörðunum sem þeir eru að flagga á veggnum hjá sér,“ ritar Daði.

Í skeytum sínum gagnrýndi hann stuðning stofnunarinnar

við rafrettufrumvarpið svokallaða svo og flokkun hennar á kannabíðiól sem lyfjaefni. „Ég var alltaf að vonast til að fá allavega einhver smá viðbrögð en fékk bara block í staðinn.“

Beindi Daði í kjölfarið spurningu til velferðarráðuneytisins um hvort stofnuninni væri þetta heimilt.

Svarið var á þann veg að stjórnvöldum væri í sjálfvald sett hvernig þær hagi aðgangsstýringum á samfélagsmiðlum sínum enda sé

ekki um stjórnvaldsákvæðanir að ræða.

Fyrirspurn Helga Hrafns, sem spratt upp af samskiptunum, er í þremur tölulíðum og snýr líka að því hvaða rétt borgarinn hafi til að tjá sig á svæðum stofnana og hvort stofnuninni beri skylda til að svara.

„Þessi spurning verður eiginlega áhugaverðari því meira sem maður þælir í henni,“ ritar Helgi á Pírata-spjallinu.

–jóe



MYND/SKJÁSKOT AF FACEBOOK

## FRÉTTABLAÐIÐ IS

### MEST LESIÐ



**1 Sigmundur:**  
„Ég var alltaf svolítið hrifinn af plastpokum“

**2 Segir sinnulausa eigendur hafa stefnt lífi íbúa í hættu**

**3 Framhaldsskólakennarar hafa samið við ríkið**

**4 Fréttamaður skotinn til bana í beinni útsendingu**

**5 Leikarinn Verne Troyer látinn**

# Stórar hugmyndir án útfærslu

Fátt kom á óvart á fyrsta landsþingi Miðflokksins um helgina að mati stjórnvaldafræðinga. Flokkurinn hafi plantað sér á miðjuna, hægra megin við Framsókn. Mikið um stórar hugmyndir en minna af útfærslum.

**STJÓRNMÁL.** „Þetta virðist vera mjög í takti við þá pólitík sem Sigmundur Davíð rak í Framsóknarflokknunum. Það í sjálfu sér kemur ósköp lítið á óvart,“ segir Grétar Þór Eyþórs-son, stjórnmálafræðiprófessor við Háskólann á Akureyri, um landsþing Miðflokksins sem fram fór um helgina.

Sem kunnugt er kom Miðflokkurinn nýr fram á hið pólitíska lítróf fyrir alþingiskosningarnar síðasta haust. Flokkurinn fékk sjö þingmenn kjörna, manni færri en Framsóknarflokkurinn, þrátt fyrir að hafa fengið fleiri atkvæði. Landsþingið nú var hið fyrsta sem flokkurinn heldur.

Á landsþinginu var Gunnar Bragi Sveinsson kjörinn varaformaður og Anna Kolbrún Árnadóttir annar varaformaður. Sigmundur Davíð hlaut rússneska kosningu í embætti formanns. Í ræðu sinni á þinginu fór Sigmundur um víðan völl. Sagði hann meðal annars að flokkurinn væri ekki í vandamálabransanum heldur í lausnabransanum auk þess að umhverfismál voru honum hugleikin.

„Bómullarrækt er gífurlega óumhverfisvæn á nánast alla mælikvarða,“ sagði hann og benti á að til að einn slíkur poki hefði í för með sér jafnmikil gróðurhúsaáhrif og 173 plastpokar. Þá sagði hann að Ísland ætti að stefna að því að nota meira af olíu og gasi í stað kola.

Eiríkur Bergmann, prófessor í stjórnmálafræði við Háskólann á Bifröst, tekur í svipaðan streng og Grétar.

„Margt af því sem einkenndi Framsókn Sigmundar hefur yfirfærst á Miðflokkinn,“ segir Eiríkur. Nefnir hann í því samhengi þjóðlegar áherslur flokksins í tákmyndum á landsþinginu. „Flokkurinn sækir í þennan þjóðlega grunn sem flokkar



Í stefnuræðu sinni hvatti Sigmundur til þess að Íslendingar notuðu meira af olíu og gasi í stað kola. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

í nágrannalöndum okkar hafa líka gert. Þó er ekki, að minnsta kosti enn sem komið er, um þjóðernispopúlisma að ræða.“

Meðal þess sem er sambærilegt með Miðflokknum nú og Framsóknarflokknunum áður nefnir Eiríkur að talað sé um stórar hugmyndir án þess að þær séu útfærðar nánar. Ekki sé margt í stefnunni sem hönd á festir og meðal skýrustu stefnumála sé eiginleg niðurlagning Ríkisútvarpsins í núverandi mynd.

„Sigmundur hefur verið í átökum við þá stofnun undanfarið. Persóna hans er æði samofin og miðlæg í Miðflokknum,“ segir Eiríkur.

Að mati Grétars hefur flokkurinn staðsett sig á miðjunni en nokkuð hægra megin við Framsóknarflokkinn. Þó að Miðflokkurinn sé klofningur úr Framsóknarflokknunum hafi Sjálfstæðismenn einnig gengið í flokkinn. Að mati hans er óvíst af yfirlýsingum um helgina að dæma hvort flokkurinn geti orðið stjórn-

tækur við núverandi stjórnskipan.

„Mér fannst eilítið á Sigmundi að honum þætti ekki æskilegt að stjórnmálaflokkar væru að miðla málum þegar þeir starfa í ríkisstjórn. Það er dálítið nýstárlegt miðað við þann raunveruleika sem við búum við enda ekki hægt að mynda neitt nema samsteypustjórnir. Kannski verður það næsta sem kemur frá flokknum að breyta kjördæmakerfinu,“ segir Grétar. [joli@frettabladid.is](mailto:joli@frettabladid.is)

## Handtöku mótmælendur í stórum stíl

**ARMENÍA** Nærri 200 mótmælendur og þrjár leiðtogar stjórnarandstöðunnar voru handteknir í Armeníu í gær. Alls mótmæltu tugir þúsunda Serzh Sargsyan forsætisráðherra og kröfðust afsagnar hans.

Mótmælendur voru einna helst ósáttir við hversu lengi Sargsyan hefur verið við völd, náð samband hans við yfirvöld í Rússlandi og linkind þegar kemur að því að uppræta spillingu. Sargsyan tók við forsætisráðuneytinu á þriðjudaginn eftir að hafa verið forseti Kákasusríkisins undanfarið tíu ár. Árið 2015 samþykktu Armenar í þjóðaratkvæðagreiðslu að fela forsætisráðherraum aukid vald á kostnað forseta.

Nikol Pashinyan, leiðtogi stjórnarandstöðunnar og einn hinna handteknur, hafði átt í viðræðum við Sargsyan áður en mótmælaaldan skall á. Sargsyan stornaði reyndar út af fundinum stuttu eftir að hann hófst og sagði stjórnarandstöðuna reyna að kúga sig.



Tugir þúsunda Armena mótmæltu um helgina. NORDICPHOTOS/AFP

„Þetta eru engar viðræður, við vorum ekki að ræða neitt. Þetta eru bara afarkostir, það er verið að reyna að kúga ríkið, kúga lögmæt yfirvöld,“ sagði Sargsyan þá.

Evrópusambandið kallaði í gær eftir því að deilurnar í Armeníu

yrðu leystar á friðsælan hátt. „Leysa ætti alla úr haldi sem voru einungis að nýta mótmælafrelsi sitt í samræmi við lög. Það er mikilvægt að allir aðilar sýni aðgát og hagi sér á ábyrgan hátt,“ sagði í yfirlýsingu sem ESB sendi frá sér í gær. –þea



**Aðalfundur Félags nýrnasjúkra** verður haldinn þriðjudaginn 8. maí kl. 17:00. Fundurinn verður haldinn að Hátúni 10 í Reykjavík.

Hefðbundin dagskrá aðalfundar skv. lögum félagsins.

**Erindi heldur Ólafur Skúli Indriðason nýrnalæknir, í tilefni af 50 ára afmæli blóðskilunar á Íslandi.**

*Allir félagsmenn eru hvattir til að mæta.*



FRÁ **48.810** KR.

FYRIR FLUG OG GISTINGU Í TVÆR  
NÆTUR Á HOTEL FÖROYAR\*

# Færeyjar: Bragðast betur en þig grunar



Jákup Sumberg,  
yfirkokkur á Barbara

Það er mikil gróska í matarmenningu Færeyinga enda vinna þeir með besta fánlega hráefni. Stolt eyjanna eru sjávarréttir og færeyska lambkjötið.

Veitingastaðurinn Koks var valinn besti veitingastaður Norðurlanda fyrir fáum árum og tala erlendir fjölmiðlar nú um Færeyjar sem einn mest spennandi staðinn fyrir matgæðinga að heimsækja.

Bókanlegt á [hopadeild@airicelandconnect.is](mailto:hopadeild@airicelandconnect.is)

Air Iceland  
Connect



ATLANTIC  
AIRWAYS





# CITROËN ÞÆGINDI



## CITROËN C3 Hlaðinn lofi og búnaði

Yfir 25 alþjóðleg verðlaun • Vegmyndavél •  
Nálægðarskynjarar • Blindpunktsviðvörðunarkerfi •  
Brekkuaðstoð • Hliðarvörn • Breið og þægileg sæti •  
Isofix festingar • Rúmgott skott • Sparneytinn

C3 LIVE BEINSKIPTUR FRÁ

**2.090.000 KR.**

C3 FEEL SJÁLFSKIPTUR FRÁ 2.520.000 KR.

Verðlaunabillinn Citroën C3 er hlaðinn þægindum, lofi og búnaði. Með 300 lítra skotti, nýjustu kynslóð sparneytinna véla, undurþýðri sjálfskiptingu sem gerir hann silkimjúkan í akstri ert þú klár í þitt ævintýri. C3 er fánlegur með Apple Car Play og Mirror Link sem gerir þér kleift að spegla helstu forrit snjallsímans eins og t.d. Google Maps á 7" snertiskjáinn. Punkturinn yfir i-ið er svo vegmyndavélin ConnectedCam sem þú getur notað til fanga dýrmæt augnablik.

KOMDU OG MÁTAÐU CITROËN C3



Öruggur staður til að vera á

[citroen.is](http://citroen.is)



Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16  
Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050



Hin átta ára gamla Zahra liggur á sjúkrahúsi í Kabúl eftir hryðjuverkaárás gærdagsins. NORDICPHOTOS/AFP

# Síendurteknar árásir á afganska kjósendur

Fjórar árásir á fólk sem beið eftir að vera skráð á kjörskrá. ISIS lýsti yfir ábyrgð á árás gærdagsins þar sem 57 féllu. Kosið til þings í október. Kosningunum ítrekað verið frestað af öryggisástæðum. Von á fjölda sjálfsmorðsárása frá Talíbanum.

**AFGANISTAN** Sjálfsvígarsáramaður hryðjuverkasamtakanna sem kenna sig við íslamskt ríki myrta að minnsta kosti 57 og særði 119 í höfuðborginni Kabúl í gær. Maðurinn sprengdi sig í loft upp fyrir utan hús þar sem fólk beið í röðum eftir að fá að skrá sig á kjörskrá.

Fjórar slíkar árásir hafa verið gerðar frá því byrjað var að skrá kjósendur í síðustu viku. Kosið verður til þings í Afganistan þann 20. október næstkomandi. Reyndar áttu þær kosningar upphaflega að fara fram í október 2016, svo í júní á þessu ári. Kosningum hefur sem sagt verið frestað ítrekað og hafa yfirvöld sagt öryggisástæður þar að baki.

Ríkisstjórn Ashrafs Ghani forseta hefur í raun ekki fulla stjórn á nema um 30 prósentum landsins, að því er rannsókn blaðamanna BBC, sem birt var í janúar, leiddi í ljós. Á hinum 70 prósentunum eru Talíbanar fyrirferðarmiklir, þótt þeir hafi

# 57

hið minnsta fórust í árás gærdagsins.

ekki nema fulla stjórn á um fjórum prósentum landsins.

Ljóst er að ríkisstjórnin telur öryggi kjósenda ógnað. Árásir undanfarinnar viku sýna það svart á hvítu. Til stendur að kjósa til forseta á næsta ári og er vonast til þess að þingkosningar októbermánaðar gangi vel til að engin ástæða verði til að fresta forsetakosningunum.

„Pólinmæði okkar er á þrotum. Ríkisstjórnin ætti að axla ábyrgð á því að þessar linnulausu árásir á saklaust fólk haldi áfram. Það vill enginn kjósa lengur,“ sagði Afgani að nafni Hussain við AFP, en frændi

hans först í árás gærdagsins.


Og ljóst er að fleiri reiðast ríkisstjórninni. Vitni að árásinni sagði í samtali við Tolo TV, stærstu sjónvarpsstöð landsins, að almennir borgarar þyrftu nú sjálfir að vopnast til að verja sig. „Við sjáum nú að ríkisstjórnin getur ekki tryggt öryggi okkar,“ sagði vitnið.

Ghani forseti fordæmdi árásina. Sagði hana svivirðilega. Forsetinn hefur ekki enn fengið svar frá Talíbanum, sem gerðu einnig árásir á verðandi kjósendur í vikunni, eftir að hann bauð þeim til friðarviðræðna í febrúar.


Búist er við því að Talíbanar setji meiri þunga í árásir sínar á næstunni, líkt og hefð er fyrir á vor-mánuðum. John Nicholson, ædsti hershöfðingi Bandaríkjanna og Atlantshafsbandalagsins í Afganistan, sagði við Tolo TV í síðasta mánuði að hann byggist við því að Talíbanar gerðu fjölda sjálfsmorðsárása nú í vor. [thorgnyr@frettabladid.is](mailto:thorgnyr@frettabladid.is)



# DAGUR BÓKARINNAR!




Blóðengill  
VILDARVERÐ: 3.199.-  
Verð: 3.999.-



Landkostir  
VILDARVERÐ: 3.199.-  
Verð: 3.999.-


ÚTGÁFUÐ  
Í DAG KL. 17  
AUSTURSTRÆTI




Hulduheimar 4  
VILDARVERÐ: 1.399.-  
Verð: 1.699.-



Kormákur krummafótur  
VILDARVERÐ: 1.999.-  
Verð: 2.499.-



Pitt annað líf  
VILDARVERÐ: 3.199.-  
Verð: 3.999.-



Hrakinn  
VILDARVERÐ: 2.999.-  
Verð: 3.799.-

Austurstræti 18  
Skólavörðustíg 11  
Laugavegi 77  
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd  
Kringlunni norður  
Kringlunni suður  
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31  
Keflavík - Sólvallagötu 2  
Akureyri - Hafnarstræti 91-93  
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2  
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2  
Húsavík - Garðarsbraut 9

**PENNINN**

**Eymundsson**

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er frá 23.apríl til og með 24. apríl eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



# Máttur bókana



Kolbrún Bergþórsdóttir  
kolbrunb@frettabladid.is

**B**ækur eiga að vera sjálfsgödur hluti af tilveru okkar enda eru áhrif þeirra umtalsverð. Þegar við lesum góða bók erum við að fræðast og þá skiptir ekki máli hvort um er að ræða skáldskap, fræðirit eða aðra tegund bókmennta. Þarna kynnumst við alls kyns heimum og hugmyndum og aukum þannig við þekkingu okkar. Ekki sist hittum við fyrir persónur, skáldaðar eða raunverulegar, setjum okkur í spor þeirra og lifum okkur inn í örlög þeirra.

Bóklestur er einstaklega vel til þess fallinn að efla samkennd með öðrum og auka vísýni. Þess vegna eru rithöfundar og skáld áhrifamiklir uppallendur. Til marks um þetta mikilvægi er að í dagblöðum og tímaritum víða um heim eru einstaklingar reglulega beðnir um að nefna bókina eða bækurnar sem breyttu lífi þeirra. Það vefst ekki fyrir þeim einstaklingum sem spurðir eru að svara, einfaldlega vegna þess að þeir hafa allir lesið bók sem hafði svo djúp áhrif á þá að hún átti þátt í að móta mannúðlegar lífsskóðanir þeirra. Ekki er annað hægt en að fyllast lotningu vegna sköpunarkrafts þeirra skálda og rithöfunda sem í gegnum verk sín hafa slík áhrif á lesendur.

Það er ekki sist vegna þessara góðu og sterku áhrifa sem mikilvægt er að bækur séu hluti af lífi allra, sérstaklega barna. Börn hafa einstaka hæfileika til innlifunar, eru forvitin og hrifnæm og búa að ríku ímyndunarafli. Því miður eru þetta eiginleikar sem fylgja ekki nægilega mörgum á fullorðinsárum – en það er önnur saga og fremur dapurleg. Enginn fær neitað því að börn og bækur eiga einstaklega vel saman enda er heimur bókana sannur ævintýraheimur og þar kunna börn vel við sig.


Fyrr í þessum mánuði var lítil en merkileg frétt í sjónvarpi um bókabil sem ekið er um stræti Kabúl í Afganistan. Þangað hópast börn og unglingar til að komast í félagsskap bóka. Stofnandi þessa bókasafns á hjólum sagði í viðtali að það væri nauðsynlegt fyrir börn að geta flúið raunir hversdagsins. „Draumar verða til við bóklestur,“ sagði stofnandinn, ung kona, sem bætti því við að hún vonaðist til að bóklesturinn yrði til þess að börnin litu bjartari augum til framtíðar. Þessi frétt um bókasafn, sem eins konar gríðastað barna og unglinga í stríðs-hrjáðu landi, er góð áminning um mikilvægi bóka. Það var við hæfi að fréttin birtist á alþjóðlegum degi barnabókarinnar, 2. apríl.

Í dag, 23. apríl, er annar dagur sem tengist bókum, hinn alþjóðlegi dagur bókarinnar. Um allan heim er minnt á mikilvægi bóklesturs fyrir jarðarbúa, unga jafnt sem alda. Bóklestur er upp-lifun sem allir eiga að fá að njóta. Þegar við lesum góða bók eigum við kyrrðarstund með sjálfum okkur, eins og svo mikilvægt er í samtíma sem er fullur af hávaða og hraða. En um leið og við lesum og virðumst vera ein erum við í huganum á viðburðaríku ferðalagi þar sem allt getur gerst. Slíkur er undraheimur bókana.



Ekki er annað hægt en að fyllast lotningu vegna sköpunarkrafts þeirra skálda og rithöfunda sem í gegnum verk sín hafa slík áhrif á lesendur.

## Halldór



## Frá degi til dags

**Pólitískar ráðningar**  
Þingflokkur Pírata tók þá ákvörðun í vikunni að tilnefna Þór Saari ekki í bankaráð Seðlabankans á nýjan leik. Í tíð sinni sem þingmaður hafði Þór gagnrýnt pólitískar skipanir harðlega. Aðspurður í fyrra, eftir kosningu í bankaráðið, sagði hann að kosning sín hefði verið fagleg og að varla fyndist „meiri fagmaður“ í starfið en hann sjálfur. Sú niðurstaða að henda Þór út féll í grýttan jarðveg hjá honum sjálfum og stökk hann upp á nef sér og kvaddi flokkinn í fússi.

**Framboð og eftirspurn**  
Hinn hagfræðimenntaði Þór var ekki lengi utan flokks heldur hefur með virkum hætti barist fyrir framgangi Sósíalístaflakksins í komandi borgarstjórnarkosningum. Fari það svo að hann skelli sér aftur á fullt í pólitíkina yrði það fjórði flokkurinn sem hann starfar í á tíu ára tímabili. Máltækið segir allt er þegar þrennt er og fullreynt í hið fjórða. Fari það svo að Þór og Sósíalistar eigi ekki samleið, og að þingmaðurinn fyrrverandi neyðist til að hverfa á braut, er sennilega tímabært að hann velti því fyrir sér hvort framboðið af honum sé ekki meira en eftirspurnin. joli@frettabladid.is

## Rauði þráður Reykjavíkur



Hildur Björnsdóttir skipar 2. sætið á lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík

Limurinn er lokkandi. Hann fyllir vitin og freistar. Dáleiðir íbúana í biðröðinni. Nýbakað brauð og disættir snúðar. Skilvirk röðin er engum til ama. Þar mætist fólk og á samskipti. Einn gengur leiðar sinnar í eril kjörbúðar. Annar á stefnumót við kaffibolla. Þriðji sækir heimilisprýði til blómasala. Börn með ísbráð í munnvikum þeysast um hverfið. Örug og óhrædd. Fólk mætist. Fólk á samskipti. Þetta er hverfið mitt. Vesturbærinn í Reykjavík. Sjálfbært hverfi með öflugra nærþjónustu. Þar skriður fólk úr hiðinu. Hverfið verður hluti heimilisins. Fólk fórnar fermetrum fyrir liflegt nærsamfélag – enda smærri búsetu-kostir ráðandi í sjálfbærum hverfum. Þéttleiki styður við blómlega þjónustukjarna – því verslun og þjónusta þarfnast fólksfjölda.

Mörg hverfi Reykjavíkur eru einangruð. Byggðin dreifð og samgöngur erfðar. Skipulag sem styður illa við verslun. Þjónusta illfær þeim fótgangandi. Hverfi þar sem fólk þekkir bíl nágrannans betur en nágrannann sjálfan. Hverfi sem skortir mannlíf. Reykjavík þarf fleiri sjálfbær hverfi. Lifandi hverfi sem draga íbúa úr fylgsnum sínum. Eitt litillátt kaffihús kemur einangruðum úr húsi. Það er mikilvægt – enda lífsnauðsyn mannlegra samskipta margsonnuð. Mikilvægi þess að draga úr einsemd og félagslegri einangrun. Þannig ætti forgrunnur alls skipulags – rauði þráður Reykjavíkur – að vera samskipti.

Borgarskipulag hefur áhrif á lífsgæði. Það er samofið lýðheilsu og fjölbreyttum félagslegum þáttum. Við þurfum hverfi sem styðja við samskipti ólíkra þjóðfélagsþópna. Úr öllum þjóðfélagsþrepum. Ungu sem aldinna. Við þurfum hverfi þar sem fólk sækir verslun og þjónustu. Þar sem fólk mætist og þekktist. Hverfi sem ekki aðallega er gott að yfirgefa – heldur hverfi þar sem aðallega er gott að dvelja.

Ég vil Reykjavík sem býður frelsi og val. Höfuðborg í forystu um grænar og vistvænar lausnir. Fjölbreytta borg fyrir fjölbreytt fólk. Reykjavík sem mætir alls kyns þörfum. Sjálfbær hverfi með öflugri nærþjónustu. Borg sem dregur úr einsemd og félagslegri einangrun. Borgarskipulag sem stuðlar að samskiptum. Reykjavík sem bannar minna og leyfir meira – styður við framtakssemi og fagnar hugmyndaauði. Borg sem setur mannlíf í forgrunn. Reykjavík þar sem fólk lifur vel.



Reykjavík þarf fleiri sjálfbær hverfi. Lifandi hverfi sem draga íbúa úr fylgsnum sínum. Eitt litillátt kaffihús kemur einangruðum úr húsi.

ALLIR ÚT AÐ HJÓLA

MEÐ TUDOR

Eitt mesta úrval landsins af rafgeymum í allar gerðir farartækja

Mikið úrval - Traust og fagleg þjónusta

SKORRI

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

TUDOR

Bíldshöfða 12 • 110 Rvk • 577 1515 • skorri.is



# Þegar hin hliðin birtist og breytir öllu

Í DAG



Guðmundur Steingrímsson

Þegar ég las fyrst fréttirnar af Síndra sem strauk úr fangelsi í síðustu viku, skaust þessi mynd upp í hugann: Maður í röndóttum strigafötum með röndóttu kassalaga húfu skriður út um glugga á steinsteypu fangelsi um miðja nótt og lætur sig síga niður vegginn í lökum sem hann hefur bundið saman. Fyrir utan bíður vitorðsmaður á gömlum Bens og þeir bruna píreygðir suður til Keflavíkur.

Maður sér sem sagt fyrir sér einhvers konar atriði í kvikmynd eftir Cohen-bræður. Það er toppað með senunni í flugvélinni þar sem strokufanginn, kominn í jogginggalla og adidasskó, pantar sér glaðhlakalegur bjór við hlið forsætisráðherra.

Heilinn manns býr sífellt til myndir. Þær eru oft spaugilegar, oft klisjukenndar og ótrúlega oft fullkomlega rangar. Á hæpnum forsendum getur maður ítrekað staðið sjálfan sig að því að fella hina afdráttarlausustu dóma um menn og málefni, bara af því að maður hefur komið sér upp svona mynd í kollinum. Sindri þessi. Hann hlýtur nú að vera meiri jólasveinninn að strjúka úr fangelsi. Páll Winkel þessi. Fangelsismálastjóri. Hann hlýtur nú að vera meiri lúsablesinn að vera bara alltaf að leggja kapal í vinnunni á meðan fangar strjúka.

## Kapall er Trello

Svo heyrir maður hina hliðina. Á tölvuskjánum í bakgrunni á fréttamyndinni af Páli var sem sagt ekki kapall, heldur einhvers konar forsíða

á innra neti stofnunarinnar. Margir kannast við þessa mynd úr verkefnisstjórnarforritinu Trello. Lítur út eins og kapall, en er ekki kapall. Ófær athugasemdir á Twitter og Facebook um Pál misstu þar með marks.

Og Sindri strokufangi lét svo í sér heyra í óborganlegri frétt á forsíðu þessa blaðs fyrir helgi. Þar heyrði maður hina hliðina á hans máli. Hún var svolítið áhugaverð. Sindri sagði að á þeim tímamarki þegar hann strauk hafi í raun og veru enginn úrskurður um gæsluvarðhald verið í gildi. Hann var frjáls maður.

Ég verð að viðurkenna að ég varð undrandi þegar ég las þetta. Var honum haldið í fangelsi án þess að fyrir því væri heimild? Er ekki eitthvað rangt við það? Maður skyldi ætla að þessir hlutir ættu að vera á hreinu, sérstaklega eftir alla umræðuna um Guðmundar- og Geirfinns-málið.

Ég ætla ekki að dæma um hver sannleikurinn er. Kannski er þriðja hliðin til, og sú fjórða. Punkturinn er bara þessi: Það er ótrúlega magnað hvað hin hliðin á jafnvel málum sem manni finnst vera algjörlega borðleggjandi – fangi strýkur, fangelsismálastjóri leggur kapal – getur verið ófyrirsjáanleg, afhjúpanði og athyglisverð. Og það er líka algjörlega magnað hvað jafnvel heilt þjóðfélag getur verið fullkomlega ákveðið í því, að í málum sem hneyksla, valda reiði, kveikja áfellsdóma eða valda jafnvel viðbjóði sé alveg örugglega ekki nein önnur hlið. Aldrei.



Ég ætla ekki að dæma um hver sannleikurinn er. Kannski er þriðja hliðin til, og sú fjórða. Punkturinn er bara þessi: Það er ótrúlega magnað hvað hin hliðin á jafnvel málum sem manni finnst vera algjörlega borðleggjandi – fangi strýkur, fangelsismálastjóri leggur kapal – getur verið ófyrirsjáanleg, afhjúpanði og athyglisverð.

## Tvö dæmi

Af þessum sökum var hún svo mikilvæg myndin sem var sýnd í sjónvarpinu um daginn, Mannasiðir. Harmleikur er sjaldan einhliða. Það getur verið ótrúlega erfitt að viðurkenna að á ofbeldismáli eins og þar er fjallað um kunni að vera önnur hlið. Hvarvetna er viljinn til að fella grunna dóma og benda fingri svo sterkur. Maður finnur hann í eigin brjosti.

Viðureignin við dómhörkuna á sér stað úti um allt. Ég ætla að nefna tvö nýleg dæmi:

Í Frakklandi hefur Emmanuel Macron orðið fyrir mikilli gagn-

rýni. Dómar almenningsálitsins hafa verið óvægðir. Hún er einmitt einna sterkust, held ég, dómharkan þegar kemur að pólitík. Fáir eiga í vandræðum með að úrskurða stjórnmalamenn fávita.

Stjórnmal verða hins vegar svo miklu áhugaverðari þegar hinar mörgu hliðar pólitískra ákvarðana fá að koma upp á yfirborðið. Macron ákvað að gera þetta, sem er til eftirbreytni: Að fara í tveggja og hálf tíma yfirheyrslu í franska sjónvarpinu þar sem tveir blaðamenn, hoknir af reynslu, saumuðu að forsetanum. Macron fékk nægan tíma til að svara. Ég skil ekki frönsku, en mér er sagt að þetta hafi verið gríðarlega upplýsandi. Þarf ekki meira svona?

Hitt dæmið er þetta: Freyja Haraldsdóttir reynir fyrir héraðsdómi þessa dagana að sannfæra dómara um að hún sé víst hæf til að taka barn í föstur. Barnaverndarstofa sér bara eina hlið: Freyja liggur í hjólastól. Allir sem þekkja Freyju geta hins vegar borið vitni um það að barn sem fengi að alast upp undir hennar handleiðslu og við hennar ástúd væri heppið barn. Freyja þurfti á föstudaginn að leiða urmúl af vitnum inn í héraðsdóm til að fá kerfi, sem sér bara hjólastólinn, til að sjá á henni þessa augljósu hlið.

Er þetta ekki ótrúlegt? Það er þetta sem ég segi: Hún er svo víða þessi harðneskja, þessi einstrengingslega afstaða, sem útilokar aðrar hliðar.

Fangi er bara fangi í röndóttum svarthvítum fötum. Punktur.

## Nýr T-Roc. Fjór hjóladrífinn og fæddur til að skara fram úr.

FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU  
5



### Komdu og prófaðu nýjustu stjörnuna frá Volkswagen.

Nýr T-Roc geislar af öryggi og akstursgleði, fæst bæði fjórhjóra- og framhjóladrífinn, beinskiptur og sjálfskiptur. Hann er búinn nýjustu tækni og búnaði sem breytir akstrinum í eitthvað ómótstæðilegt. Komdu og í reynsluakstur á Volkswagen T-Roc sem gerir allt vitlaust hvar sem hann kemur.

Volkswagen T-Roc  
Verð frá aðeins  
**3.290.000 kr.**



Volkswagen

Við látum framtíðina rætast.

5 ára ábyrgð fylgir fólksbílum HEKLU að uppfylltum ákvæðum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á [www.hekla.is/abyrgd](http://www.hekla.is/abyrgd)

[www.volkswagen.is](http://www.volkswagen.is)



HEKLA · Njarðarbraut 13 · Reykjanesbæ · Sími 590 5090 · [heklarnb.is](http://heklarnb.is)



**Spá Fréttablaðsins fyrir Pepsi-deild karla 2018**Ítarlegri grein má lesa á [Fréttablaðið.is](http://Fréttablaðið.is)**PEPSI  
DEILDIN  
2018****KA  
hafnar í 6. sæti**

Fréttablaðið spár því að KA hafni í 6. sæti Pepsi-deildar karla. KA-menn byrjuðu síðasta tímabil með trompi en enduðu að lokum í 7. sæti á sínu fyrsta tímabili í efstu deild síðan 2004. KA hefur fengið sterka leikmenn til sín í vetur og leit vel út á undirbúningstímabilinu. Liðið ætti, ef allt gengur upp, að geta blandað sér í Evrópubaráttu.

**Lykilmaðurinn í sumar  
Hallgrímur Mar Steingrímsson**

**Hallgrímur Mar Steingrímsson** átti skínandi gott tímabil í fyrra. Hann skoraði sjö mörk og gaf níu stoðsendingar. Enginn leikmaður lagði upp fleiri mörk í deildinni. Hallgrímur er með frábæra tækni, góður spyrnumaður og getur gert út um jafna leiki. Skemmtilegur leikmaður sem gaman er að horfa á spila fótbolta.

**Tölfræði frá  
síðasta sumri**

**3** leikmenn KA skoruðu þrennu.

**37** mörk skoraði KA. Aðeins Valur og Stjarnan skoruðu meira.

**Nýju andlitin**

**Hallgrímur Jónasson** Lyngby  
**Cristian Martinez** Víkingi Ó.  
**Sæþór Olgeirsson** Völsungi  
**Milan Joksimovic** Gorodeya

**Fylgstu með þessum**

**Daniel Hafsteinnsson** kom aðeins við sögu hjá KA í fyrra og hefur spilað mikið í vetur og staðið sig vel. Það er mikið spennandi í þennan 18 ára gamla miðjumann.

1. ?	7. Fjölnir
2. ?	8. Grindavík
3. ?	9. Víkingur R.
4. ?	10. ÍBV
5. ?	11. Fylkir
6. KA	12. Keflavík

ENKUNNASPJALDIÐ VÖRNIN ★★★★★ | SÓKNIN ★★★★★ | ÞJÁLFAFINN ★★★★★ | BREIDDIN ★★★★★ | LIÐSSTYRKINGIN ★★★★★ |

GENGIÐ SÍÐUSTU SEX TÍMABIL 2017 7. sæti | 2016 1. sæti (B-deild) | 2015 3. sæti (B-deild) | 2014 8. sæti (B-deild) | 2013 6. sæti (B-deild) | 2012 4. sæti (B-deild) |

**Tindastóll  
svaraði fyrir sig**

**KÖRFUBOLTI.** Tindastóll jafnaði metin í einvíginu gegn KR í úrslitum Domino's-deildar karla í körfubolta þegar liðin mættust í DHL-höllinni í Vesturbænum í gærkvöldi. Tindastóll sem tapaði fyrsta leiknum á Sauðárkróki lagði grunninn að sigrinum með góðri spilamennsku í þriðja leikhluta, en fram að því hafði verið jafnræði með liðunum. Þegar yfir lauk munaði 28 stigum á liðunum, en lokatölur urðu 98-70 Tindastóli í vil.

Pétur Rúnar Birgisson átti afar góðan leik fyrir Tindastól, en KR-ingum tókst ekki að hemja hann líkt og tókst ágætlega í fyrsta leik liðanna. Pétur Rúnar var stíghæstur hjá Tindastóli með 26 stig. Kristófer Acox og Kendall Pollard voru jafnir stíghæstir í flötu liði KR með 12 stig hvor.

Sigur Tindastóls er ekki síður eftirtektafverður í ljósi þess að liðið lék án Antonio Hester, lykilleikmanns síns, en hann glímir við öklameiðslu. Staðan í einvígi liðanna er nú 1-1, en liðin mættast í þriðja leik liðanna í Síkinu á Sauðárkróki á miðvikudaginn kemur. – hó

**Sara Björk var á skotskónum með Wolfsburg**

**Wolfsburg í góðri stöðu** Sara Björk Gunnarsdóttir skoraði fyrsta mark Wolfsburg sem bar sigurorð af Chelsea, 3-1, í fyrri leik liðanna í undanúrslitum Meistaradeildar Evrópu í London í gær. Wolfsburg er í góðri stöðu fyrir seinni leik liðanna sem fram fer í Wolfsburg. NORDICPHOTOS/GETTY

**ÚRSLIT  
KVENNA**

**VALUR - FRAM** Mán. 23. apr. 2018 - 19:30 - Valshöllin  
**FRAM - VALUR** Fim. 26. apr. 2018 - 19:30 - Framhús  
**VALUR - FRAM** Sun. 29. apr. 2018 - 19:30 - Valshöllin



#olisdeildin

**Fleiri bættust í EM-hópin**

**Predrag Milos, úr SH, synti aftur undir EM-lágmarki í 50 metra skriðsundi, en hann synti fyrst undir lágmarkinu fyrir tveimur vikum á Ásvallamóti SH.**

**SUND** Íslandsmeistaramótið í 50 metra laug í sundi fór fram um helgina í Laugardalslaug. Á fyrsta degi, á föstudaginn, náðust þrjú lágmark fyrir Evrópumeistaramótið í 50 metra laug. Eygló Ósk Gústafsdóttir, úr Neptun í Svíþjóð, synti undir lágmarki á EM í 200 metra baksundi og var þetta hennar þriðja lágmark á mótið. Fyrir hafði hún náð lágmarki í 50 og 100 metra baksundi.

Predrag Milos, úr SH, synti aftur undir EM-lágmarki í 50 metra skriðsundi, en hann synti fyrst undir lágmarkinu fyrir tveimur vikum á Ásvallamóti SH. Anton Sveinn McKee, úr SH, var svo sá þriðji til að ná lágmarki á mótið, en það gerði hann í 100 metra bringusundi og var um sekúndu undir því.

Sveinasveit SH stórbætti svo aldursflokkamet í 4x200 metra skriðsundi í úrslitahlutanum. Þeir syntu á tímanum 10:20,35 en gamla metið átti ÍRB; 10:54,73. Sveit SH skipuðu þeir Birnir Freyr Hálfánarson, Bergur Fafnir Bjarnason, Andri Már Kristjánsson og Björn Yngvi Guðmundsson.

Karlasveit SH sigraði í 4x100 metra fjórsundi á tímanum 3:50,57 á þriðja degi mótsins, og bætti þar með eigið Íslandsmet. Þeir Kol-



**Karlasveit SH setti Íslandsmet í 4x100 metra skriðsundi.**

beinn Hrafnkelsson, Anton Sveinn McKee, Predrag Milos og Aron Örn Stefánsson skipuðu sveitina.

Eygló Ósk synti aftur undir EM-lágmarki þegar hún sigraði í 100 metra baksundi á þriðja degi, en hún hafði áður tryggt sig inn á EM í greininni fyrr á árinu.

Annað Íslandsmet féll svo síðar

um daginn og aftur var það karlasveit SH sem setti Íslandsmet með sigri í 4x100 metra skriðsundi á tímanum 3:31,08, en gamla metið var 3:31,48 sem þeir settu sjálfir. Nýju metasveitina skipuðu þeir Aron Örn Stefánsson, Kolbeinn Hrafnkelsson, Predrag Milos og Ólafur Árdal Sigurðsson. [hjorvaro@frettabladid.is](mailto:hjorvaro@frettabladid.is)



# Spá Fréttablaðsins fyrir Pepsi-deild karla 2018

Ítarlegri grein má lesa á [Fréttablaðið.is](http://Frettablaðið.is)

**PEPSI  
DEILDIN  
2018**



1. ?	7. Fjölur
2. ?	8. Grindavík
3. ?	9. Víkingur R.
4. ?	10. ÍBV
5. Breiðablik	11. Fylkir
6. KA	12. Keflavík

## Breiðablik hafnar í 5. sæti

Fréttablaðið spár því að Breiðablik hafni í 5. sæti Pepsi-deildar karla. Síðasta sumar var erfitt í Kópavoginum og gengið undir væntingum. Blikar réðu Ágúst Gylfason síðasta haust og hann á að koma á stöðugleika í Kópavoginum á nýjan leik. Ágúst stefnir hátt en Breiðablik nær væntanlega ekki að ógna bestu liðum deildarinnar.

## Lykilmaðurinn í sumar Gísli Eyjólfsson

Gísli Eyjólfsson var besti leikmaður Breiðabliks í fyrra og hefur bætt sig mikið á undanförunum árum. Var nálægt því að fara út í atvinnumennsku í vetur en gerði nýjan samning við Blika. Lúsiðinn miðjumaður með markanef. Gæti hæglega skorað 10 mörk og verið einn besti leikmaður deildarinnar í sumar.



## Tölfræði frá síðasta sumri

**19** mörk fengu Blikar á sig eftir föst leikatriði.

**5** útileiki vann Breiðablik, aðeins Valur vann fleiri.

## Nýju andlitin

Jonathan Hendrickx Leixoes  
Oliver Sigurjónsson Bodø/Glimt  
Arnór Gauti Ragnarsson ÍBV  
Guðmundur B. Guðjónsson ÍA

## Fylgstu með þessum

Willum Þór Willumsson sýndi góða takta þegar hann fékk tækifæri á síðasta tímabili. Hávaxinn miðjumaður með gott auga fyrir spili og getur leikið á mötherjana.

ENKUNNASPJALDIÐ VÖRNIN ★★★★★ | SÓKNIN ★★★★★ | ÞJÁLFAFINN ★★★★★ | BREIDDIN ★★★★★ | LIÐSSTYRKINGIN ★★★★★ |

GENGID SÍÐUSTU SEX TÍMABIL 2017 6. sæti | 2016 6. sæti | 2015 2. sæti | 2014 7. sæti | 2013 4. sæti | 2012 2. sæti |

# Eini titillinn í boði hjá liðunum

Ander Herrera kom Manchester United til bjargar gegn Tottenham Hotspur og skaut liðinu í úrslitaleikinn. Manchester United mætir Chelsea í úrslitum, en Chelsea lagði Southampton nokkuð örugglega að velli.

**FÓTBOLTI** Manchester United og Chelsea tryggðu sér sæti í úrslitaleik ensku bikarkeppinnar með sigrum í undanúrslitaviðureignum sínum um helgina. Manchester United hafði betur, 2-1, gegn Tottenham Hotspur þar sem Ander Herrera reyndist hetja Manchester United. Dele Alli kom Tottenham Hotspur yfir í leiknum og kveikti von í brjósti Tottenham-manna um að liðið næði að bæta upp fyrir ófarir sínar í undanúrslitum enska bikarsins undanfarin ár.

Alexis Sánchez og Ander Herrera sáu hins vegar til þess að Tottenham Hotspur tapaði sínum áttunda undanúrslitaleik í röð í enska bikarnum. Manchester United á möguleika á að jafna Arsenal á toppi listans yfir sigursælustu félögin í sögu ensku bikarkeppinnar. Arsenal bætti sínum 13. bikarmeistaratitli í titlasafn félagsins þegar liðið varð bikarmeistari síðasta vor. Manchester United hefur hins vegar 12 sinnum orðið bikarmeistari, en það var síðasta verk Louis van Gaal við

stjórnvöllinn hjá Manchester United að stýra liðinu til sigurs í enska bikarnum voríð 2016.

**Gæti orðið síðasti leikur Conte** Chelsea, sem hefur sjö sinnum orðið bikarmeistari í sögu félagsins, laut í lægra haldi fyrir Arsenal í úrslitaleik ensku bikarkeppinnar á síðustu leiktíð. Chelsea fær nú tækifæri til þess að bæta upp fyrir það tap og bæta áttunda bikarmeistaratitlinum við í bikarsafnið. Chelsea varð síðast bikarmeistari undir stjórn Roberto

Di Matteo voríð 2012. Þetta er eini titillinn sem í boði er hjá báðum liðum, en Manchester City hefur nú þegar tryggt sér enska meistaratitilinn og enska deildabikarinn. Þá eru Manchester United og Chelsea úr leik í Meistaradeild Evrópu. Miklar vangaveltur hafa verið uppi um framtíð Antonio Conte, knattspyrnustjóra Chelsea, hjá félaginu og spurning hvort bikarmeistaratitillinn yrði kveðjugjöf eða síðasta verk hans fyrir félagið.  
[hjorvaro@frettabladid.is](mailto:hjorvaro@frettabladid.is)

**ENDURNÝJUN  
OG VIÐHALD**  
Löggiltur rafverktaki  
Sími:  
**696 5600**  
[rafsol@rafsol.is](mailto:rafsol@rafsol.is)  
**RAFSÓL**  
Síðumúla 34 • 108 Reykjavík  
Sími 696 5600 • [rafsol@rafsol.is](mailto:rafsol@rafsol.is)

Vissir þú að...  
börn ega rétt  
að leita sér

**Barnaheill**  
Save the Children á Íslandi

**ISUZU  
D-MAX**

**STERKUR PALLBÍLL  
VERÐUR STERKARI**

Sparneytnari, hagkvæmari og hljóðlátari ISUZU D-MAX

Isuzu D-Max BASIC dísil, beinskiptur. Verð: **4.850.000 kr.**  
Isuzu D-Max PRO dísil, sjálfskiptur. Verð: **5.690.000 kr.**

164 hestöfl – 3.500 kg dráttargeta. Eyðsla frá 7,0 l/100km\*

GE bílar  
Reykjanesbæ  
[www.gebilar.is](http://www.gebilar.is)  
420 0400

Bílasalan Bílás  
Akranesi  
[www.bilas.is](http://www.bilas.is)  
431 2622

Bílasala Akureyrar  
Akureyri  
[www.bva.is](http://www.bva.is)  
461 2533

Bilaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
[www.bva.is](http://www.bva.is)  
470 5070

IB ehf.  
Selfossi  
[www.ib.is](http://www.ib.is)  
480 8080

BL söluumboð  
Vestmannaeyjum  
481 1313  
862 2516

**BL ehf**  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / [www.bl.is](http://www.bl.is)







## Enska úrvalsdeildin

Úrslit 35. umferðar 2017-18

### West Brom - Liverpool 2-2

0-1 Danny Ings (4.), 0-2 Mo Salah (72.), 1-2 Jake Livemore (79.), 2-2 Salomón Rondón (88.).

### Watford - C. Palace 0-0

### Arsenal - West Ham 4-1

1-0 Nacho Monreal (51.), 1-1 Marko Arnautovic (64.), 2-1 Aaron Ramsey (82.), 3-1 Alexandre Lacazette (85.), 4-1 Alexandre Lacazette (89.).

### Stoke - Burnley 1-1

1-0 Badou Ndiaye (11.), 1-1 Ashley Barnes (62.).

### Man. City - Swansea 5-0

1-0 David Silva (12.), 2-0 Raheem Sterling (16.), 3-0 Kevin De Bruyne (54.), 4-0 Bernardo Silva (64.), 5-0 Gabriel Jesus (88.).

## Staðan

FÉLAG	L	U	J	T	MÖRK	S
Man. City	34	29	3	2	98-25	90
Man. Utd	34	23	5	6	65-26	74
Liverpool	35	20	11	4	80-37	71
Tottenham	34	20	8	6	66-31	68
Chelsea	34	19	6	9	59-34	63
Arsenal	34	17	6	11	66-46	57
Burnley	35	14	11	10	35-43	53
Leicester	32	11	11	12	49-47	44
Everton	34	11	9	14	39-54	42
Newcastle	33	11	8	14	35-42	41
B'mouth	35	9	11	15	41-58	38
Watford	35	10	8	17	42-60	38
Brighton	34	8	12	14	32-47	36
Crystal P.	35	8	11	16	36-54	35
West Ham	34	8	11	15	42-63	35
Huddersf.	34	9	8	17	27-54	35
Swansea	34	8	9	17	27-51	33
S'hampton	34	5	14	15	33-53	29
Stoke City	35	6	11	18	32-65	29
WBA	35	4	13	18	29-54	25

## Enska bikarkeppnin, undanúrslit

### Man. Utd. - Tottenham 2-1

0-1 Dele Alli (11.), 1-1 Alexis Sánchez (24.), 2-1 Ander Herrera (62.).

### Chelsea - Southampton 2-0

1-0 Olivier Giroud (46.), 2-0 Álvaro Morata (82.).

Man. Utd og Chelsea mætast í bikarúrslitaleiknum á Wembley 19. maí næstkomandi.

## Okkar menn

### Íslendingar í efstu tveimur deildunum á Englandi

Everton  
**Gylfi Þór Sigurðsson**  
Gylfi hefur glímt við hnémeiðsli undanfarið og verður að öllum líkindum ekki í hóp hjá Everton gegn Newcastle í kvöld.



Burnley  
**Jóhann Berg Guðm.**  
Jóhann Berg lék allan leikinn á vinstri vængnum fyrir Burnley þegar liðið gerði 1-1 jafntefli gegn Stoke City.



Cardiff City  
**Aron Einar Gunnarsson**  
Aron Einar skoraði sigurmark Cardiff City þegar liðið vann Nottingham Forest.



Reading  
**Jón Daði Böðvarsson**  
Jón Daði lék fyrstu 78 mínúturnar þegar Reading tapaði fyrir Sheffield Wednesday.



Aston Villa  
**Birkir Bjarnason**  
Birkir lagði upp síðasta mark Aston Villa í góðum 4-0 sigri liðsins gegn Ipswich.



Bristol City  
**Hörður B. Magnússon**  
Hörður Björgvin var ekki í leikmannahópi Bristol sem gerði 5-5 jafntefli gegn Hull.



Arsene Wenger hefur upplifað súrt og sætt á knattspyrnustjóraferli sínum hjá Arsenal. Hér er ein af sætu stundunum í tíð hans sem knattspyrnustjóri Arsenal.

# Arsene Wenger kveður sviðið

Arsene Wenger tók við Arsenal fyrir 22 árum. Wenger hefur upplifað hæðir og lægðir á þessum tíma. Arsenal var stórveldi á upphafsárum stjóratíðar hans, en á síðustu árum hefur heldur hallað undan fæti.

**FÓTBOLTI** Þegar Arsene Wenger tók við stjórnartumunum hjá Arsenal haustið 1996 hafði Ólafur Ragnar Grímsson tekið við lykklavöldunum á Bessastöðum eftir að hafa verið kjörinn forseti íslenska lýðveldisins í fyrsta skipti þá um vorið. Mikil vatn hefur runnið til sjávar í ensku knattspyrnunni sem og íslenskum stjórnámálum síðan árið 1996. Hér verður stíklað á stóru á ferli Wengers á Englandi þau 22 ár sem hann hefur verið við stjórnvölinn hjá Arsenal.

